


# Varúðarsvæði og náttúruvá



Ólafur Þór Snorrason framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs




# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

**Vestmannaeyjabær**

Dæmi um ferli frá skipulagi að framkvæmd

- Aðalskipulag
  - Deiliskipulag
    - Byggingarleyfi
    - Framkvæmdaleyfi






# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

**Aðalskipulag Vestmannaeyja**

Möguleg áhætta er metin vegna eftirtalinna atburða:

- Óveðurs, vegna mögulegra sjávarflóða t.d. á Eiðinu.
- Jarðskjálfta, vegna t.d. Suðurlandsskjálfta og Krýsuvíkurskjálfta. Grjóthruns úr fjöllum í Eyjum og mögulegar skemmdir á grunnvirkjum eins og raflínum á fastalandinu.
- Eldgosa, vegna áhrifa á byggð.
- Jökulhlaups, vegna hættu á skemmdum vegna vatnstöku og rafmagnslínum ef jökulhlaup verður á fastalandinu.
- Hafnar- eða flóðbylgju, vegna eldgoss í Kötlu eða annarra viðburða.
- Sjávarflóða, vegna breytinga á sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.
- **Skriðufalla í klettum vegna jarðskjálfta.**






# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

### Deiliskipulag – hættumat vegna grjóthruns

- Hætta vegna hruns er í klettum og fjöllum nyrst á Heimaey.
- Þar er lagt til að öllu jöfnu séu einungis skilgreind hættusvæði A vegna grjóthruns, þar sem mun minni hætta er búin fólki af völdum grjóthruns en t.d. snjóflóða.
- Að teknu tilliti til þessara viðmiða eru **varúðarsvæði vegna grjóthruns** sýnd á skipulagsuppdrætti en við skipulag mannvirkja í nálægð við varúðarsvæðin skal hafa **samráð við Veðurstofu Íslands.**

- **Úr Aðalskipulagi**
- *Hætta vegna hruns er í klettum og fjöllum nyrst á Heimaey. Þar geta fallið stórir grjóthnullungar landmegin. Mesta hættan er í Herjólfsdal og við rætur Klifsins en hætta er einnig til staðar í Hánni.*
- Verkefnið varðar hótelbyggingu í Hásteinsgryfju undir Hánni á Heimnaey.






# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

### Deiliskipulag – hættumat vegna grjóthruns

**Veðurstofs Íslands** kemur að skipulaginu á vinnuslustigi tillögunar og leggur fram mat á hrunhættu.

- Forsendur og sagan
- Staðhættir og jarðfræðiyfirlt
- Skilgreining hættusvæða A,B,C (nr. 505/2000)
- Aðferðafræði og reglugerðarrammi

Veðurstofa Íslands

Tækniskýrsla

**Dags:** 16.3.2012
**Titill:** Mat á hrunhættu í Hásteinsgryfju á Heimaey
**Höfundar:** Eiríkur Gíslason og Árni Hjartarson
**Unnið fyrir:** Vestmannaeyjabæ
**Verknúmer:** 4753-0-0002
**Tilvísun:** EG/ÁH/2012-01









# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

- **Byggingarreitur - Skipulagsskilmálar**

- Hótelbygging er á hættusvæði A og B
- Hrunhættan nær yfir allan byggingarreitinn, mest við bergvegginn sjálfan en minnkar er fjær dregur.
- Hægt er að draga verulega úr hrunhættunni með styrkingum og fyrirbyggjandi aðgerðum í gryfjuveggnum.
- Varnir gegn hrunhættu skal gera á öllum stigum framkvæmda þegar starfsmönnum kann að vera hætta búinn við vinnu sína.
- Varnir gegn hrunhættu skal komið fyrir innan lóðarmarka.
- Hönnun burðarvirkja skal m.a. taka mið af niðurstöðu hættumats og verði borin undir Veðurstofuna.
- Bera skal aðgerðir gegn hrunhættu undir Veðurstofuna.






# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

Hótelið hefur enn ekki verið byggt








# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

Annað nýlegt dæmi er bygging sjóvarmadælustöðvar og fjórar borholur undir Hlíðarbrekkum.

Úr deiliskipulagi

- Haft var samráð við Veðurstofuna um mat á áhættu vegna grjóthruns á lóðinni og er það mat stofnunarinnar að fyrirhugaður byggingarreitur á lóðinni við Hlíðarveg 4 sé að stærstum hluta á hættusvæði A eins og það er skilgreint er í reglugerð nr. 505/2000. Mögulegt er að norðaustur horn byggingarinnar falli utan hættusvæðis.
- Hönnun burðarvirkja skal miðast við ástreymisþrýsting frá ofanflóðum.
- Almennt gildir að hús á hættusvæðum skulu vera steinsteypt.
- Við hönnun varmadælustöðvar skal gæta þess að nýta landkosti sem best og fella byggingar vel að landi, sérstaklega til vesturs að Hánni.
- Ráðstafanir lóðarhafa vegna hættusvæðis vegna hruns skulu koma fram í byggingarlýsingu og eru ábyrgð lóðarhafa.





# VESTMANNAEYJAR

## Varúðarsvæði og náttúruvá, áhrif á skipulag

